



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Óskar J. Sandholt
Sendandi: Eva Pandora Baldursdóttir

Efni: Niðurstöður starfshóps um endurskoðun reglna um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef

Stafrænt ráð samþykkti þann 8. nóvember 2023 erindisbréf um starfshóp um endurskoðun reglna um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins s.d.

Hlutverk starfshópsins var að endurskoða og endurmeta reglur um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef. Starfshópurinn samþykkti þann 30. nóvember 2023 að leggja starfshópinn niður og fela starfshópi um endurskoðun á reglum um tölvunotkun verkefnið, sbr. 2. lið fundargerðar starfshópsins.

Tilkynnist það hér með.

F.h. starfshóps um endurskoðun reglna um almennar
aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef,

Eva Pandora

Eva Pandora Baldursdóttir,
verkefnisstjóri starfshópsins

Starfshópur um endurskoðun reglna um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef

Ár 2023, fimmtudaginn 30. nóvember, var haldinn 1. fundur starfshóps um endurskoðun reglna um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi og hófst kl. 13:15. Eftirtalin voru komin til fundar í fundarherberginu Þverárkoti: Ólafur Sólimann Helgason, Aldís Geirdal Sverrisdóttir, Jón Kristinn Ragnarsson, Ólafur Óskar Egilsson og Þröstur Sigurðsson

Fundarritari var Eva Pandora Baldursdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindisbréf um starfshóp um endurskoðun reglna um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef.
2. Lagt til að starfshópurinn verðir lagður niður og endurskoðun reglna um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef fari fram í starfshópi um endurskoðun á reglum um tölvunotkun.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 13.45